

Sælir,

Fundur okkar með Jes Einari á föstudag fannst mér ganga vel.

**Helstu punktar frá fundinum voru:**

Var jákvæður gagnvart:

- Opna steypa skjólveggi til vesturs og austurs, setja t.d. net í staðinn
- Hafa viðbótarpotta á pöllunum sunnan laugar
- Innri breytingu á turni, t.d. sem saunabað
- Að brjóta niður hringlaga kubba og hafa einfaldari loftunartúður á hliðum húss
- Að setja blikk-hatta yfir „kalda“ vegg
- Að breyta að hluta eða öllu leyti í „slétta fleti“ í stað útlit borðaklæðningar

Var neikvæður gagnvart:

- Rifi á turni
- Klæðningu húss
- Rifi á skáveggjum/stoðveggjum húss
- Rifi eða breytingum á stétt, veggjum og pöllum á svæði sunnan sundlaugar

Óskaði eftir:

- Að hurðum úr plasti yrði skipt út fyrir hurðum úr oregon pine við eða sambærilegu
- Breyta tvöfaldri hurð á vesturhlið kjallara yfir í fleka og einfalda hurð
- Að skiltamál utanhúss yrðu endurskoðuð
- Að öskutunnur yrðu settar í hvarf/lokað af

Annað:

- Állistar sem eru á milli glerja í gluggum voru áður oregon pine; þarf að skoða nánar
- Var helst á því að halda „sementslit“ að utan og innan – en var þó til umræðu um ljósari lit
- Rætt um gæðakröfur, útboð eða val á reyndum múrurum

**Vinna Verkis:**

Til að nálgast næstu skref í málinu mundi ég leggja til að byrja á fyrsta fasa í verkefninu með því að fara í nánari sjónskoðun á staðnum og í framhaldi magntaka þá steypu fleti, gler og annað sem ljóst er að gera þarf við. Setja svo upp fyrstu kostnaðaráætlun út frá tilteknum forsendum. Þannig má sjá stærðargráðu viðgerðarkostnaðar, hvort verkið yrði brotið niður í áfanga og/eða með hvaða hætti samið yrði við verktaka um viðgerðir.

Í næsta áfanga yrði tekin kjarnasýni til frekari rannsóknar, álitamál skoðuð, gerðar verklýsingar og unnið að samningum við verktaka með útboði eða verðkönnun.

Ég hef áætlað að vinna við fyrsta áfanga sé um 30-40 klst.

Ég mundi leggja til að okkar vinna yrði á tímagjaldi með ofangreint sem áætlun. Legg til að afsláttur á öllum tímum sé 10%, en get gefið afslátt af mínum tímum 17%.

M.v. ofangreint, þá væri áætlaður kostnaður um 500 – 700 þús án vsk.

Væruð þið sátt við að leggja af stað í verkefnið á þessum grunni?

Heyrumst,

Kv.  
ArG



**Ari Guðmundsson**

Sviðsstjóri / byggingarverkfræðingur | Division manager / Civil Engineer M.Sc.  
+354 422 8825 | +354 864 5034 | [arg@verkis.is](mailto:arg@verkis.is) | [Skype](#)

---

Austurvegi 10 | 800 Selfoss | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)